



ERINDISBRÉF

Stýrihópur um gerð menntastefnu 2020-2030 fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar

1. Vinnutilhögun við gerð menntastefnunnar tekur mið af skipulagi *starfshóps um vinnu við gerð menntastefnu Hafnarfjarðar* sem skilaði af sér tillögum að verklagi 19. júní 2019, þar sem skilgreind er gerð menntastefnunnar, tímalínu vinnunnar, hagsmunahópar, áherslur stefnunnar, skipulag, bjargir, framkvæmd, uppbygging og innleiðing hennar. Menntastefnan skal unnin í samræmi við tillögur skýrslunnar.
2. Í stýrihópnum skulu sitja einn kjörinn fulltrúi frá hverjum þeim flokki sem á sæti í bæjarstjórn. Þá mun fræðslustjóri, þróunarfulltrúar leik- og grunnskóla sem og íþróttá- og tómstundafulltrúi eiga sæti í hópnum.
3. Fræðslustjóri verkefnastýrir vinnunni og aðstoðarmaður sviðsstjóra ritar fundargerðir sem haldnar skulu yfir alla fundi hópsins. Hópurinn Fundargerðir starfshópsins skulu lagðar jafnóðum fyrir fræðsluráð og fylgja lokaskýrslu hans til fræðsluráðs.
4. Fundir stýrihópsins verði a.m.k einu sinni í mánuði, alls 10-12 fundir, og hann leiti samþykkis fræðsluráðs ef hann telur sig þurfa fleiri fundi til að ljúka verkefni sínu.
5. Gert er ráð fyrir að stýrihópurinn hefji störf í ágúst, eftir fyrsta fund fræðsluráðs og skili menntastefnu Hafnarfjarðar til samþykktar til fræðsluráðs í júní 2020.
6. Menntastefnan skal taka gildi við upphaf skólaárs 2020-2021 og gildi til 2030, með ákvæði um endurskoðun á fjögurra ára fresti.

7. Leiðir lærdómssamfélags skulu lagðar til grundvallar vinnu við stefnuna. Mikilvægt er að áhersla sé á vellíðan, vöxt og árangur í öllu námi.

8. Menntastefnan skal ekki einungis taka mið af verkefnum sviðsins alls heldur skilgreini það verkefni vítt, t.d. forvarnir og vellíðan, lýðheilsu, íþróttir og tómstundir í takt við aðrar stefnur sem bærinn hefur skuldbundið sig við að til að vinna eftir. Hún eigi við um starf með öllum börn Hafnarfjarðarbæjar; hjá dagforeldrum, leik- og grunnskólum, tómstundamiðstöðvum í grunnskólum (frístundaheimili og félagsmiðstöðvar) og öllum aðildarfélögum innan IBH

Hafnarfirði 19. júní 2019

Fanney Dóróthe Halldórsdóttir.

Fanney Dóróthe Halldórsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og frístundabjónustu